

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ármann Helgason  
klarinettuleikari

Guðríður St. Sigurðardóttir  
píanóleikari

Hallfríður Ólafsdóttir  
flautuleikari

Pórunn Guðmundsdóttir  
söngkona



28. og 30. júlí 1992 kl. 20:30

**Ármanн Helgason** lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1988. Hann lauk Postgraduate Diploma frá Royal Northern College of Music í Manchester árið 1989. Undanfarin ár hefur Ármanн verið við nám í Lundúnum hjá prófessor John McCaw auk þess að hafa leikið með ýmsum kammerhópum, þar á meðal Salomon Ensemble. Síðastliðinn veturnar dvaldist Ármanн um skeið í Kjarvalsstofu í París og sótti þá tíma hjá Philippe Cuper.

**Guðríður St. Sigurðardóttir** lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1978. Hún lauk meistara-prófi í píanóleik frá háskólanum í Michigan 1980. Sama ár hlaut hún fyrstu verðlaun í píanókeppni á vegum Ann Arbor Society for Musical Arts. Guðríður hefur haldið tónleika hér heima og erlendis, meðal annars í Bandaríkjunum, Pýskalandi og flestum Norðurlandanna. Hún starfar sem píanókennari við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

**Hallfríður Ólafsdóttir** lauk einleikaraprófi á flautu frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1988 og hefur síðan verið við framhaldsnám erlendis. Hún hlaut Diploma of Advanced Studies frá Royal Academy of Music í Lundúnum sumarið 1991, en þar var aðalkennari hennar William Bennet. Síðastliðinn veturnar var Hallfríður við nám hjá Alain Marion, prófessor við Tónlistarháskóla Parísarborgar.

**Pórunn Guðmundsdóttir** nam þverflautuleik ásamt söng-námi. Hún lauk burtfararprófi í söng frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1985 og fór til framhaldsnáms í Bandaríkjunum og stefnir á doktorsgráðu í söng og söngfræðum frá háskólanum í Indiana, undir handleiðslu Roy Samuelsen og Klara Barlow.

### Efnisskrá

- |                                |   |
|--------------------------------|---|
| Maurice Ravel<br>(1875 - 1937) | , „La flûte enchantée“ úr Shéhérazade<br>Söngur, flauta og píanó (1903) |
| Aaron Copland<br>(1900 - 1990) | As It Fell Upon a Day (1923)<br>Söngur, flauta og klarinetta            |
| Pierre Paubon                  | Amours et vie de Geishas (1955)<br>Söngur og flauta                     |
| Louis Spohr<br>(1784 - 1859)   | Sechs deutsche Lieder, óp. 103 (1837)<br>Söngur, klarinetta og píanó    |
| Jaques Ibert<br>(1890 - 1962)  | Deux Stèles Orientées (1925)<br>Söngur og flauta                        |
| Frank Martin<br>(1890 - 1974)  | Trois Chants de Noël (1947)<br>Söngur, flauta og píanó                  |

### Töfraflautan. (La flûte enchantée).

Miðkaflinn úr verkinu Shéhérazade, ljóð eftir T. Klingsor. Í þessu verki eru greinileg austræn áhrif, enda er það byggt á "Þúsund og einni nótt" þar sem ein aðalpersónan er Shéhérazade.

Skugginn er mjúkur og meistari minn sefur með silkhatt. Hann er með langt gult nef og hvít skegg. En ég vaki enn. Ég hlusta á söng flautunnar sem berst að utan, þar sem tregi og gleði skiptast á. Lag sem er ýmist angurvært eða glettið, leikið af elskhuga mínum. Og þegar ég fær mið nær glugganum virðist mér sem hver nota svífi frá flautunni að vanga mínum líkt og dularfullur koss.

### Það gerðist einn dag í maí. (As it fell upon a day).

Ljóð eftir sextándu aldar skáldið Richard Barnefield.

Það gerðist einn dag í maí að ég sat í skugganum af murturunnum. Allt í kring fagnaði náttúran, dýr og jurtir. Allir viðsuðu sorg á bug nema næturgallinn. Hann þrysti brjósti sínu upp að þyrni og söng tregablandinn söng sem skar í hjartað. Enginn veitti honum athygli. "Trén hlusta ekki á þig, og dýrin kæra sig kollótt. Faðir þinn, Pandion, og allir vinir þínir eru dánir. Félagar þínir, fuglarnir, syngja áfram þrátt fyrir sorg þína. Það er eins með mig og þig, það vill enginn vorkenna mér."

### Ástir og ævi geisanna. (Amours et vie de geishas).

Franska tónskáldið Pierre Paubon samdi þetta verk við níu japönsk ljóð. Hann notar "pentatónísa" eða fimm tóna tónstigann, sem er algengur í austurlenskri tónlist.

1. Fljótið Tamagava. Í tæru vatni Tamagava fljótsins þvæ eg snjóhvitt hörund mitt. Smátt og smátt raknar hnútur ósættis okkar. Hágreiðslan míni losnar líka. Ég man ekki lengur eftir honum, en ég gleymí honum samt ekki alveg. Ég bið eftir næsta vori.

2. Það kvöldar. Hvílik fegurð þegar sólin er að seljast. Það er ekki hægt að breytast á henni. Sérðu ána Sumida þarna, - og skuggan af fjallinu Matsuchi undir tunglinu? Og þarna lengst í burtu er þínulítil bátur með segl við hún. Er hann ekki yndislegur. Ah! Þessi fugl sem er að syngja heitir Miyako (höfuðborg). Kemur hann frá höfuðborginni?

3. Bið að næturlagi. Ég hef beðið í allt kvöld. Miðnætti. Ég brenn af ást. Um sólarupprás legg ég breytt höfuð mitt á krosslagða handleggi mína til að sjá hann í draumi. Ó, þessir frekjulegu skräckir í fuglunum. Þeir eru svo pirrandi.

4. Ástir kattanna. Þeir hafa ekki áhyggjur af skyldum, augnagotum ókunnugra og aðkasti, - annar bröndóttur, hinn hvítur. Þeir fara út á þakbrún eða klífra lengst upp, reknir áfram af ástarþörfinni, sem er volvugri en lífið sjálft. Svo koma haustvindarnir einn góðan veðurdag og þeir þekkjast ekki lengur. Ó, hvað ég öfunda kettina af ástum þeirra.

5. Næturregn. Næturregn. Leiðindi. Léttur leikur: stráin á mottunni eru talin - kemur hann? - kemur hann ekki? Ég sný pappírsfroski: Snýr hann upp? - þá kemur hann. Er hann á hvolfi? - þá kemur hann ekki. Allt í einu eins og óljós fyrirboði, hvað er þetta? Olían í náttljósinu klárást. Hann er svo hverflyndur. Ah, loksins. Röddin hans.

6. Bréfið. Ef það væri ekkert tungl á veturna læsi ég það við bjarmann frá snjónum. Á sumrin við birtuna frá eldflugunum. Og ef það væri hvorki tungl né snjór né eldflugur, þá læsi ég það í myrkruni með hjarta mínu.

7. Númeraleikur. EINN. Allir eru á ferð og flugi, þetta er fyrsta nótt ársins. Húsin, hofin og furgreinarnar eru skreytt. TVEIR. Tvær raðir af furum, dökkar og grænar eins og á fjallinu Kadsoura! ÞRÍR. Skemmtum okkur saman, leikum okkur að spöðum og kúlu með rauðbrystingsfjöldrum. FJÓRIR. Í Yoshiwara eru fjórar ungar stúlkur í boltaleik. Þær skemmta sér svo vel. FIMM. En það verða engar skemmtanir þetta árið fyrir húsvörðinn í Tehúsini. Hann heldur fast um budduna. Sparnaður. Hann verður ríkur og giftir sig.

8. Vor. Allt stendur í blóma. Vor. Dökkur furuskóðurinn er vökváður af ánni Sumida. Spegilmynnd írisanna er þokkafull í djúpu vatninu, í vatni ástarinnar. Eins og þetta andapar sem syndir með straumnum mun ég giftast í dag.

9. Borðasöngurinn. Hvers vegna eru allir bessir marglitu iðandi borðar í hofinu fyrir framan hinn heilaga hest? Toko, Toko, Tangaré, Tangaré, Yal! Þetta eru silkiðanar óvina okkar sem við vorum að sigra. Hvað! Vissirðu það ekki? Toko, Toko, Tangaré, Tangaré, Yal!

### Tvær austurlenskar myndir. (Deux Stèles Orientées).

Ljóð eftir V. Segalen.

Ástini míni hefur alla kosti vatnsins, skært bros, mjúkar hreyfingar, tæra rödd sem streymir áfram. Og þegar ástareldurinn logar í augum mínum veit hún hvað hún á að gera. Það er eins og vatni sé hellt yfir glóandi kol. Vatnið mitt liggar á jörðinni. Hún rennur á undan mér, - ég er þyrstur og hleypt á eftir henni. Ég bý til bikar með höndum mínum og drekk hana úr lófum mínum. Ég faðma hana og ber hana að vörum mínum. Og ég gleypí handfylli af leir.

Þeir segja: Þú mátt ekki giftast henni - allir fyrirboðar eru á sömu lund, slæmir. Taktu eftir nafni hennar: "Vatn" - ef þú þeytir því burt hverfur það í vindinn og hann er fljótur að snuast. Ekki giftast þessari konu. Og svona athugasemdir fær ég líka að heyra: "Hann kastar sér á grjót og þyrnirunna. Hann pínir sjálfan sig." Og fleira sem er betra að hafa ekki eftir. Ekki giftast þessari konu. Ég svara: "Vissulega eru þetta slæmir fyrirboðar. Takið samt ekki of mikil mark á þeim. Hún er ekkjá og þetta á allt við fyrri eiginmanninn. Undirbúið brúðarbekkinn."

### Sex þýsk ljóð. (Sechs Deutsche Lieder).

1. Vertu rólegt, hjarta mitt. Ég varðveitti vonina djúpt í hjarta mér, sem ég hafði opnað fyrir þér, full trausts. Töfrar hennar umkringdu míg, ég hlustaði á rödd ástarinnar sem er nú týnd í óveðrinu. Vertu rólegt, hjarta mitt, hugsaðu ekki um það. Þetta var blekking.

Í draumi vorsins blasti heimurinn við mér, fullur ljóss og yls. Gleðidrukkin gekk ég um, vor ástarinnar ríkti í hjarta mér. Nú ríkir frost og myrkur í sál minni. Ég byggði mér brú úr blómum og geislum, sem ég gekk á og helgaði mig hinu háleita. Pakkir mannanna voru fegurstu laun míni. Fjöldinn hló hæðnislega að mér. Vertu rólegt, hjarta mitt, hugsaðu ekki um það. Þetta var blekking.

2. Tvísöngur. Í kyrri maínóttinni sat lítill fugl í liljurunni og fyrir neðan hann sat stúlka í háu grasinu. Þegar stúlkan söng þagnaði fuglinn, þegar fuglinn söng hlustaði stúlkan. Söngur þeirra ómaði um tunglskinsbjartan dalinn. Hvað var fuglinn að syngja, og hvað söng stúlkan í kyrri maínóttinni? Fuglinn söng um vorsólinu, stúlkan söng um unað ástarinnar. Ég gleymí því aldrei hvað söngurinn var fagur.

3. Prá. Ég lit í hjarta mér og ég horfi út í heim; tárin falla af hvörnum mínum. Í fjarlægð blikar á fegurð, en norðrið heldur í mig. Ó, mér eru settar svo þróngar skorður og tíminn líður svo hratt. Ég veit um land þar sem gróska og sólarijós ríkja, þar sem oldur kyssa bakkana og lárvíðinn dreymir um skáld. Það laðar mig til sín úr fjarska, en ég kemst ekki þangað. Ó að ég hefði vængi til að svífa um loftin! En þetta er til einskis. Stundirnar fljúga hjá, æskan líður og söngur minn hverfur. Ó, mér eru settar svo þróngar skorður og tíminn líður svo hratt.

4. Vögguvísa. Allt er kyrrt og friðsælt svo þú skalt líka fara að sofa, barnið mitt. Úti fyrir þýtur í vindinum. Lokaðu litlu augunum þínum og opnaðu þau svo á morgun eins og tvö blóm. Þá mun ég horfa á blómin og kyssa litlu augun og mamma þín mun gleyma því að það er vor úti.

5. Leyndur harmur. Sumir fela þjáningar sínar og langanir djúpt í hjarta sér og enginn fær að vita um þær. Tár eru stundum falin og enginn veit af þeim. Það er til innri sæla sem þekkir engar takmarkanir og varirnar túlka fagnandi. Sumir bera harma sem þeir segja aldrei frá, þótt sálin sé sem flakandi sár. Aðrir finna frið og lækningu fyrir særða sál. Það er til von sem umlykur heiminn, þar sem kærleiksriti hjarta bíður þess að þú opnir hjarta þitt.

6. Vaknaðu! Hvers vegna stendur þú þarna í þungum þönkum þegar ástin er löngu vöknud. Heyrirðu ekki til hennar allt í kringum þig? Fuglarnir og trén, já - lifið sjálft er komið á kreik. Lækirnir niða og himinninn speglast í vatninu. Gleðin birtist í formum og hljóðum, streymir áfram endalaust. Hvers vegna ertu með áhyggjur þegar ástin er löngu vöknud?

### Þrír helgisöngvar. (Trois chants de Noël).

Þessir helgisöngvar fjalla um atburðina í kringum fæðingu Jesú Krista og eiga erindi til áheyrenda á öllum árstínum. Íslensk þýðing á textum: Þórunn Guðmundsdóttir.

Lausleg þýðing og endursögn á textum: P.G.